



Erindisbréf tómstunda- og menningarmálanefndar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Tómstunda- og menningarmálanefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málaflokka sem henni eru falin. Sveitarstjóri starfar með nefndinni eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

2. gr.

Nefndin skal hafa forgöngu um að sem best sé leyst úr þeim málaflokkum sem henni er falið skv. 5. gr. og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um þá eftir því sem efni standa til.

3. gr.

Í tómstunda- og menningarmálanefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknun sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórni og fundarsköp sveitarfélagsins. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

4. gr.

Sveitarstjórn skipar formann og varaformann en ritari er kosinn á fyrsta fundi nefndarinnar.

II. Hlutverk nefndarinnar

5. gr.

Hlutverk nefndarinnar er:

- að fara með íþróttá- og æskulýðsmál, svo og tómstundamál allra aldursflokka í sveitarféluginu eftir því sem við á.
- að hafa samstarf við félagsmála- og löggregluyfirvöld um forvarnarmál.
- að fara með menningarmál og hafa forgöngu um menningaratburði í sveitarféluginu þ.m.t. að vera framkvæmdanefnd fyrir fjölskylduhátfíðir eða aðra sambærilega atburði sem sveitarfélagið stendur fyrir.
- að annast samskipti við félagasamtök sem undir starfssvið nefndarinnar heyra, í samráði við sveitarstjórn/ sveitarstjóra;

6. gr.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

Gildistaka

7. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórni Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 12. október 2022. Samhliða fellur fyrra erindisbréf úr gildi.

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar